



Morgunblaðið 28. september 1949: Ávarp Sjálfstæðisflokksins til þjóðarinnar: Styrkjalaus atvinnurekstur - Afrnám haftanna – Aukið athafnafrelsi.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Dómsmála- og Utanríkisráðherra – Morgunblaðið – 28 september
1949 – Sjálfstæðisflokkurinn – Atvinnurekstur – Höft – Athafnafrelsi – 221 tölublað – 36 árgangur -
1949

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-11, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Morgunblaðið

36. árgangur.

221. tbl. — Miðvikudagur 28. september 1949.

Prentsmíðja Morgunblaðsins

Ávarp Sjálfstæðisflokksins til þjóðarinnar Styrkjalaus atvinnurekstur — Afrnám haftanna — Aukið athafnafrelsi

SÍÐASTA ÁRATUGINN hefir Sjálfstæðisflokkurinn lengst af tekið þátt í stjórn landsins. Þegar lítið er yfir farinn veg, er augljóst, að fyrir áhrif og forystu Sjálfstæðisflokksins hafa mörg og stór framfaraspor verið stigin á þessu tímabili í löggjöf og framkvæmdum. Hafa mörg þeirra markað djúp spor í þjóðlífið og sumra þeirra mun gæla um langan aldur. Íslendingar hafa tekið öll sín mál í eigin hendur. Endurreist lýðveldi á Íslandi og freyst samvinnu til öryggis landinu við hinar vestrænu lýðræðisþjóðir. Aldrei hafa jafn stórfelldar framfarir og nýsköpun orðið í atvinnusögu þjóðarinnar. Togaraflotinn hefir verið endurbýggður. Ný skip komið í stað gamalla og afköstin margfaldast. Bataúfvegnum hefir bæst fjöldi nýrra vjelbáta. Kaupskípastóllinn hefir fimmfaldast. Þjóðin eignast glæsilegan flugvjelafloa. Afköst sildarverksmíðja hafa á síðustu 5 árum verið tvöfölduð. Nýjar fiskimjölverksmíðjur risið upp, hraðfrystihús, niðursuðuverksmíðjur og lýsisverksmíðjur. — Iðnaðurinn eflst og aukist á flestum sviðum. Raforkuframléiðslan meira en tvöfaldast. Tímabil nýrrar lækni hafist í landbúnaði, með stórkostlegum innflúningi jarðyrkjuverkfæra og búnaðarvjela, og ræktun landsins stórauðist. Þúsundir nýrra og hagkvæmra íbúða ve rið byggðar. Markaða fyrir afurðir landsmanna hefir verið allað með margþættum viðskipta-samningum við aðrar þjóðir og efnahagurinn bættur með þátttöku í efnahagssamvinnu Norðurálfuríkanna.

Mörg þessara mála hafa verið leyst með góðu samstarfi við aðra flokka. En til þess að fá framgengi ýmsum þessara merku þjóðnyljamála hefir orðið að fallast á suma þá skipan dægurmálanna, sem gagnstæð er stefnu Sjálfstæðisflokksins og hann myndi aldrei hafa lögfest, ef hann hefði einn mátt ráða. Flokkurinn hefir neyðst til að gera ýmis afvik frá stefnu sinni í því skyni að varðveita samstarf, sem var þjóðinni nauðsynlegt. Telur flokkurinn, að nú hafi svo langt verið gengið í þessum efnum, að í óefni sje komið. Reynslan og rás viðburðanna hafa sýnt á ótvíræðan hátt, að núverandi efnahagsörðugleikar þjóðarinnar eru í meginatriðum sprottinir af því, að grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins hefir ekki fengið að ráða. Þessvegna telur flokkurinn þjóðarnauðsyn, að hjeðan af gæti stefnu hans í ríkara mæli en verið hefir hin síðari ár, og að breyting verði gerð í mörgum höfuðþáttum þjóðmálanna. Vill hann í því sambandi taka þetta sjerstaklega fram:

Athafnafrelsið eykur afköstin.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN lítur svo á að frumskilyrði þess, að Íslendingum geti farnast vel í landi sínu, sje, að athafnaþrá manna fái sem víðtækast verksvið, en sje ekki reyrd í viðjar, svo sem gert hefur verið langt úr hófi fram og í vaxandi mæli á undanförunum árum. Flokkurinn telur, að skerðing á athafnafrelsi landsmanna, með víðtækri lögskipan ríkishlutunar á öllum sviðum atvinnurekstrar og tilheyrandi nefndum og ráðum, sje orðin óþolandi og valdi stórkostlegri rýrnun á afköstum þjóðarinnar. Fyrir því telur flokkurinn óumflýjanlega nauðsyn, að tafarlaust verði snúið af braut ríkjandi ofstjórnar, losað um höft á verslun og athafnalífi og fækkað opinberum nefndum og ráðum, út frá því megin sjónarmiði, að landsmönnum verði sem fyrst fengið aftur það at-

hafnafrelsi, sem þeir þrá og þjóðarhagsmunir krefjast. Sjálfstæðisflokknum er ljóst, að í einni svipan verður þetta ekki gert, enda er forsenda þess að það takist, að ráðið verði fram úr vandamálum verðbólgunnar.

Styrkjastefnan komin í þrot.

ÁSTÆÐAN til þess, að Sjálfstæðisflokkurinn hef ur þolað höft þau og hömlur og hinar auknu skattabyrðar, sem nú þjaka landslýðinn, er, að ekki hefur fram að þessu verið á annan veg hægt að ná samkomulagi um ráðstafanir til hindrunar því, að meinsemdir dýrtíðarinnar stöðvuðu atvinnuvegina. Hallann á rekstri þeirra hefur orðið að bæta upp með ríkisstyrkjum, sem ekki hefur verið hægt að greiða nema með nýjum sköttum, og hefur þessi háttur einnig leitt til síaukinna ríkisafskipta. Með þessu

hefur verið úr hinum, og starfræksla útflutningsatvinnuveganna verið torvelduð frá því, sem verið hefði, ef þeim hefði verið gert fært að starfa styrkjalaus. Ef þessa aðferð á að hafa áfram, hlýtur hún á næsta ári að leiða til þess, að enn verður að stórhækka skatta og álögur á almenning og leggja á ný höft og hömlur.

Lausn dýrtíðarmálanna.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN telur að snúa verði af þessari braut. Hann telur, að ekki megi dragast, að ráðstafanir sjeu gerðar til þess, að atvinnuvegirni geti starfað styrkjalaus í sæmleegu árferði og með skaplegum aflabrogðum og hafa þjóðartekjurnar í heild síst aukist, heldur aðeins verið látið í annan vasann það, sem tekið

Framhald á bls. 2.

Ávarp Sjálfstæðisflokksins til þjóðarinnar

Framhald af bls. 1.

Þannig verði greitt fyrir því, að hin miklu nýsköpunartæki verði starfrækt svo, að allir landsmenn geti haft fulla vinnu við eðlilega starfrækslu atvinnuveganna.

Því markmiði, að koma á þenna veg jafnvægi á þjóðarbúskapinn, verður ekki náð nema með margháttuðum, samfelldum aðgerðum, og vill flokkurinn um framkvæmd þeirra byggja á grundvelli sjerfræðilegrar athugunar og hafa samráð við fulltrúa stjettanna.

Hallalaus búskapur ríkissjóds og honum samræmd starfsemi lánastofnana landsmanna eru grundvallar-atriði þeirra aðgerða, sem framkvæma verður.

Verðlag og framleiðslukostnaður í landinu verður að samræmast markaðsverði útflutningsafurðanna í viðskiptalöndunum. Sjálfstæðisflokkurinn telur gengisbreytingu í því skyni algert neyðarúrræði, en vekur athygli á, að skráning á gengi gjaldeyrissins hlýtur að miðast við, að hún greiði fyrir starfrækslu atvinnuveganna, fullri atvinnu og lífvænlegum kjörum almennings. Þetta er markmiðið, sem allar ráðstafanir ber að miða við.

Frjáls verslun.

MIKILVÆGUR þáttur í því að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum er að gera verslunina frjálsa, og verður að gera það sem fyrst, þótt það geti ekki orðið til fulls fyrir en fullkomlið jafnvægi er fengið, enda mun svartur markaður og margskonar óheilbrigði í verslunarháttum ekki hverfa fyrir en þessu marki er náð. Meðan svo er ekki, leggur flokkurinn áherslu á, að meira rjettlæti og jöfnuður ríki um innflutning og dreifingu vara til landsins og einstakra landshluta en nú er. Auka verður hið bráðasta innflutning nauðsynlegustu neysluvara, sem í senn mundu bæta hag almennings og draga úr verðbólgunni, enda er þá hægt að afnema með öllu skömmtun á slíkum neysluvörum.

Lækkun skatta og tolla.

ADALÁSTÆÐURNAR til þess að ríkissjóður hefur þrátt fyrir sívaxandi skatta, safnað skuldum að undanförmu, eru hinir beinu og óbeinu styrkir, sem veittir hafa verið til að halda uppi starfrækslu atvinnuveganna. Jafnskjótt og atvinnuvegunum verður gert fært að starfa styrkjalaust með öllu og jafnvægi er komið á, verður hægt að ljetta af sköttum og tollum. Enda mundu minnkandi ríkisafskipti hafa í för

með sjer að minnka mætti ríkisbáknið og þar með draga úr reksturskostnaði ríkisins, svo sem nauðsynlegt er.

Jafnframt verður að auka völd fjármálaráðherra yfir greiðslum úr ríkissjóði frá því, sem nú er. Slíkt er forsenda góðrar fjármálastjórnar a. m. k. á meðan samsteypustjórn helst því að reynslan hefur sýnt, að fjármálaráðherra skortir mjög völd í þessum efnun gegn öðrum flokkum, sem miklu minni áhuga hafa en Sjálfstæðisflokkurinn fyrri hóflegri meðferð ríkisfjár.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur fyrr og síðar sýnt það í verki, að fjármálastjórn hefur farið honum vel úr hendi, þegar og þar sem hann hefur einn ráðið. Nægir þar að benda á fjármálastjórn höfuðborgarinnar, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur einn markað stefnu og borið ábyrgð.

Afnám haftanna, auknið athafnafrelsi einstaklinganna og ljetting skattabyrðarinnar mundi auka afrakstur þjóðarbúsins og skapa skilyrði fyrir bættum lífskjörum almennings.

Hagsæld atvinnuveganna.

ALLAR FRAMANGREINDAR ráðstafanir mundu leiða til þess, að sjávarútvegurinn losnaði úr þeim ördugleikum, sem nú stöðja að honum, tryggja rekstur hans og skapa meiri líkur en nú eru til þess, að nýsköpunartækin, sem honum hafa verið fengin, verði notuð til fulls.

Undirstaða iðnaðarinnar yrði einnig mun öruggari en áður, enda hljóta hinar miklu rafmagnsvirkjanir, sem nú eru í undirbúningi og Sjálfstæðisflokkurinn mun styðja öfluglega, skapa grundvöll fyrir enn meiri iðnaði en áður hjer á landi.

Um landbúnaðinn er það að svo, að þjóðmenning Íslendinga á nú meira í húfi en nokkru sinni fyrr, að jafnvægi skapist milli sveita og sjávarbyggða, svo að hin iskyggilegi fólksstraumur úr sveitunum stöðvist. Mætti þá takast um langa framtíð að viðhalda þeim hollustuháttum í þjóðlífinu, sem best dafna í skjóli öruggs landbúnaðar, og tryggja, að lífsafkoma landsmanna standi fastari fótum.

Þessu marki verður ekki náð, nema bændum verði gert kleift, með aukinni tækni og hverjum þeim ráðum, sem tiltækileg eru, að verða samkeppnisfærir við aðrar landbúnaðarþjóðir í framleiðslu afurða sinna.

Þess vegna vill Sjálfstæðisflokkurinn, að þjóðin sameinist til mikilla átaka um framfarumál sveitanna, svo umbætur í ræktun, húsa-kosti og hverskonar aðbúð sveitafólks verði á næstu árum stórstígari en nokkru sinni fyrr.

Slíkar framkvæmdir, ásamt jafnvægi í atvinnlífi landsmanna yfirleitt, eru og undirstaða þess að leysa megi hin miklu húsnæðisvand-ræði, sem nú eru víða í kaupþúnum og kaupstöðum vegna hins mikla fólksfjölda, er þangað flykkist. En Sjálfstæðisflokkurinn telur höfuð-nauðsyn, að úr vandræðum þessum verði bætt sem fyrst.

Ályktanir Landsfundar.

LANDSFUNDUR Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var á Akureyri í júnimánuði 1948, setti flokknum ítarlega stefnuskrá. Þar var mörkuð stefna í sjávarútvegsmálum, landbúnaðarmálum, iðnaðarmálum, verslunarmálum, um dýrtíð og niðurgreiðslur, um ríkisútgjöld og skatta, um samgöngubætur, atvinnuöryggi, fjelagsmál, uppeldis- og menntamál, utanríkismál, endurskoðun stjórnarskrárinnar og frjálsræði í atvinnurekstri, auk stjórn málaályktunar. Vill flokkurinn vísa til þessara samþykka landsfundarinnar um stefnu flokksins í einstökum málum.

Veitlið Sjálfstæðisflokknum meirihluta.

FRAMKVÆMD ALLRA þessara mála er að sjálfsögðu mjög undir því komin, hvert kjörfylgi flokkurinn fær. Þingmönnum hans hefur stundum verið legið á hálsi fyrir að þeir hafi ekki getað komið fram svo miklu af stefnumálum flokksins sem skyldi. En því miður hefur flokkurinn ekki haft meirihluta á Alþingi undanfarandi ár, og meðan svo er, þá er jafnframt undir aðra að sækja um það, hvað af stefnumálum flokksins nær fram að ganga.

STEFNA Sjálfstæðisflokksins byggist á sögu, eðli og hugsunarhaetti þjóðarinnar. Sjálfstæðis-stefnan ein er í fullu samræmi við hugsjónir Íslendinga frá öndverðu, um frelsi í stað fjöttra, um samheldni í stað sundrungar. Sjálfstæðisflokkurinn hlýtur því, í samræmi við grundvallarstefnu sína, að standa jafnan vörð um lýðræði og mannrjettindi gegn hinum alþjóðlega kommúnisma, sem gengur í berhög við þessar hugsjónir.

Sjálfstæðisflokkurinn beinir þeirri eindregnu áskorun til íslenskra kjósenda, að þeir fylli sjer um framþjóðendur flokksins og skapi á Alþingi þann meirihluta Sjálfstæðismanna, er einn megnar að mynda þá festu og öryggi í stjórn landsins, sem þjóðinni er nú brýn þörf á.

Flutningsdagur í sendiráðum austan járntjalds

BUDAPEST, 27. sept. — Í gær krafðist ungverska stjórnin, að kallaðir væru heim níu starfsmenn við jógóslavneska sendiráðið í Budapest.

Gagnráðstafanir Jógóslava.

Í dag barst ungversku stjórninni svo orðsending frá Jógóslövu, þar sem þeir krefjast þess, að níu starfsmenn við sendiráð Ungverja í Belgrad verði kallaðir heim.

Ætla að slíta stjórn mála-sambandi.

Í orðsendingunni mótmæla Jógóslavar mjög harðlega kröfum Ungverja um brottflutning starfsmanna við jógóslavneska sendiráðið. Segja, að ætlunin

með því sje að slíta stjórn mála-sambandinu við Jógóslavni.

Fámennit á flutningadaginn.

Í jógóslavneska sendiráðinu í Budapest búa nú aðeins þrír menn, sendiherrann Dural Yovanovic, eldastúlka og bílstjóri sendiráðsins.

SVR sigraði BP með 5:1

Í GÆR fór fram knattspyrnukeppni milli starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur og starfsmanna hjá B.P. Var leikið á Fram vellinum. Sigruðu starfsmenn S.V.R. með 5:1.

Maður sem sveik út 37 þús. kr. dæmdur

NÝLEGA var maður að nafni Sigurbjörn Stefánsson, dæmdur í aukarjetti Reykjavíkur, í átta mánaða fangelsi, en honum tókst að svikja út úr stólku 37.000 krónur.

Sigurbjörn þessi á hvergi samastað hjer í bæ. Snemma á þessu ári, fór hann frá konu sinni og fjórum börnum, er öll eru í ómegð. — Síðan hefur hann verið á flækingi hjer í bænum.

Nokkru eftir að hann sleit samvistum við konu sína, sem ekki var löglega frá gengið, kynntist hann tveim stúlkum. Þeim trúlofaðist hann báðum. Þótt einkennilegt kunnist að virðast, þá vissi hvorug stúlkann af hinni, og Sigurbjörn gætti þess Frh. á bls. 12.

Rússar sýna þýskar áróðursmyndir

LONDON, 27. sept. — Breska utanríkisráðuneytið skýrði frá því í dag að vitað væri með vissu um að rússneska stjórnin hefði látið sýna andbreskar og andbandarískar kvikmyndir, sem nasistar framleiddu á stríðsárunum og var einn liðurinn í styrjaldaráróðri þeirra. Kvikmyndirnar sem vitað er með vissu að eru nú sýndar í Rússlandi eru m. a. Die Letzte Runde, framleidd af nasistiska útbreiðslumálaráðuneytinu árið 1940 og Mein Leben für Irland, sem fyrst var sýnd í kvik- Frh. á bls. 12

Ármenningar gera jafntefli við finnsku meistarana

HANDKNATTLEIKSFLOKKUR Ármanns er nú staddur í Finnlandi og mun leika þar nokkra leiki við finnska handknattleiksflokka. Frjettir hafa borist af fyrsta leiknum, sem Ármenningarnir háðu í Helsingfors. Mótherjar voru finnsku meistaranir í handknattleik „Union“. Var þetta keppni milli meistara, því að Ármenningarnir eru Íslandsmeistarar í handknattleik.

Kapleikur þessi í Helsingfors var ákaflega spennandi og oftótrúlega tvísýnt um úrslitin. Honum lauk með jafntefli 16 mörkum gegn 16.